




Skipulagsnefnd
Keflavíkurflugvallar

SVÆÐISSKIPULAG SUÐURNESJA
2 0 2 0 - 2 0 3 5

Verk- og matslýsing skipulagsvinnu

Júní 2021





Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Skipulagssvæðið	1
1.2	Forsendur og áherslur endurskoðunar	1
2	Viðfangsefni og áherslur	2
2.1	Íbúðarhúsnæði	2
2.2	Atvinna	2
2.3	Auðlindir	3
2.4	Veitur og samgöngur	4
2.5	Samfélag	4
2.6	Stefna í loftslagsmálum	4
3	Nýjar forsendur	5
4	Matslýsing og heimsmarkmið	5
4.1	Valkostir	5
4.2	Heimsmarkmið og svæðisskipulag	7
5	Samræmi við aðrar áætlanir	8
6	Kynningar, samráð og helstu tímasetningar	8
6.1	Umsagnar- og samráðsaðilar	8
6.2	Tímalína skipulagsvinnu	8



1 Inngangur

Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja leggur hér fram verk- og matslýsingu vegna endurskoðunar á Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024. Viðfangsefni endurskoðunar taka á ákveðnum viðfangsefnum.

1.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæði svæðisskipulags nær yfir sveitarfélögin Grindavíkurbær, Sveitarfélagið Voga, Reykjanesbær og Suðurnesjabær. Á svæðinu bjuggu um 28.200 manns þann 1. janúar 2021.

Tafla 1.1 Íbúafjöldi sveitarfélaga á Suðurnesjum, íbúafjölgun frá árinu 2008 og stærð

Sveitarfélög	Íbúar 1.1.2021 ^a	Breyting frá 2008 ^a	Stærð [km ²] ^b
Grindavíkurbær	3.512	27%	423
Reykjanesbær	19.421	46%	144
Suðurnesjabær	3.588	14%	82
Vogar	1.308	8%	164
Alls	28.195	36%	818

a. Heimild: Hagstofan 2021.

b. Heimild: Landmælingar Íslands, 2021.

1.2 Forsendur og áherslur endurskoðunar

Frá staðfestingu Svæðisskipulags Suðurnesja 2008-2024 hafa orðið margvíslegar breytingar á mikilvægum forsendum sem snúa að Suðurnesjum. Vegna þessara breytinga telur svæðisskipulagsnefndin mikilvægt að endurskoða stefnu svæðisskipulagsins í ákveðnum málaflokkum og bæta við stefnu sem tekur til íbúapróunar og búsetu, loftslagsmála, náttúruvár og heimsmarkmiða.

Eftirfarandi er lýsing á þeim viðfangsefnum sem verða hluti af endurskoðun svæðisskipulagsins. Leiðarljós svæðisskipulagsins eru þau sömu og koma fram í [Sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024](#), sem eru eftirfarandi:

Á Suðurnesjum sameinast kraftur náttúru, mannauðs og atvinnulífs. Suðurnes er lífæð landsins og sjálfbær landshluti þar sem búseta er eftirsótt sökum traustra innviða, góðrar þjónustu og lifandi menningarstarfs í fjölbjóðlegu samfélagi.

Í endurskoðun verður lögð áhersla á ákveðna þætti (Tafla 1.2) og er gerð nánari grein fyrir þeim í kafla 2.

Tafla 1.2 Helstu áherslur í endurskoðun svæðisskipulags Suðurnesja

Viðfangsefni	Áherslur
Íbúapróun*	Ákvörðun um hvort setja eigi fram stefnu um íbúðabyggð s.s. um framboð, tegund húsnæðis og tímabundnar lausnir.
Atvinna	Farið yfir framfylgd stefnu um sameiginleg atvinnusvæði. Metin þörf á breytingum á afmörkun svæða og stefnu um starfsemi á hverju þeirra.
Auðlindir	Leggja til varavatsnból á Suðurnesjum ásamt því að fara yfir afmörkun vatnsbóla og vatnsverndarsvæða. Unnið að stefnu um aðra orkuvinnslu en jarðvarma, s.s. vindorku og virkjun sjávarfalla.
Veitur og samgöngur	Stefna um vistvænar samgöngur á Suðurnesjum, sem taka m.a. til orkuskipta og breyttra ferðavenja. Stefna um megin legu innviða s.s. stofnlagna / raflína
Samfélag	Unnið með fyrirbyggjandi greiningar á náttúru- og veðurvá til að stuðla að öruggi íbúa og atvinnulífs.
Loftslagsmál*	Mótuð loftslagsstefna fyrir Suðurnesin og helstu aðgerðir, þ.m.t. til kolefnisbindingar og samgangna.

* Ný viðfangsefni í svæðisskipulagi Suðurnesja

2 Viðfangsefni og áherslur

2.1 Íbúðarhúsnæði

Mikil fjölgun hefur orðið á fjölda íbúa á Suðurnesjum, sem hefur m.a. áhrif á þróun byggðarkjarna, aldursdreifingu og búsetuþróun.

Tilgangur þess að móta sameiginlega stefnu um íbúðarbyggð er að geta boðið upp á fjölbreytt húsnæði á hverjum tíma fyrir sig, sem mætir þörfum íbúa og þeirra árstíðabundnu starfa sem eru á Suðurnesjum.


- Í skipulagsvinnu verður tekin ákvörðun um hvort setja eigi fram stefnu um íbúðabyggð s.s. um framboð, tegund húsnæðis og tímabundnar lausnir.
- Ekki er gert ráð fyrir því að í svæðisskipulagi verði bindandi stefna um fjölda eða tegund íbúða í hverju sveitarfélagi.

2.2 Atvinna

Áhersla skipulagsvinnu verður á að greina styrkleika, tækifæri og framtíð í atvinnumálum á Suðurnesjum, byggt á fyrirliggjandi gögnum.

Mikil uppbygging ferðaþjónustu hefur áhrif á landnýtingu, sem mikilvægt er að líta til. Samhliða því hafa sveitarfélögin unnið saman að Reykjanesi jarðvangi. Með uppbyggingu ferðaþjónustu, stækkun Keflavíkurflugvallar og breytingar á hlutdeild atvinnugreina á svæðinu er rétt að endurmeta stefnu sveitarfélaga um *umfang og eðli* sameiginlegra atvinnusvæða.

- Litið verður til afmörkunar og skilgreininga á sameiginlegum atvinnusvæðum skv. svæðisskipulagi (Mynd 2.1). Farið verður yfir framfylgd stefnu um sameiginleg atvinnusvæði undanfarin ár. Er þörf á að endurskoða stefnu, skerpa á stefnu, breyta afmörkun svæða og áherslum fyrir hvert svæði? Er þörf á að bæta við eða fækka svæðum m.a. með tilliti til nýrrar atvinnustarfsemi?
- Í skipulagsvinnu verður í samvinnu við Jarðvanginn unnið að því að skilgreina þau verkefni sem mikilvægt er að falli undir landsáætlun um uppbyggingu ferðamannastaða.



Mynd 2.1 Sameiginleg atvinnusvæði skv. Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024

- Í samræmi við greiningu á stöðu atvinnumála [Byggðastofnunar](#) (2020), [Sóknaráætlunar](#) Suðurnesja 2020-2024, stefnumörkunar sveitarfélaga, aðila í svæðisskipulagsnefndinni og annarra hagaðila verður endurskoðað hverjir séu sameiginlegir og nauðsynlegir innviðir sem þarf til að atvinna á Suðurnesjum geti vaxið og þróast.
- Við endurskoðun á stefnu um sameiginleg atvinnusvæði og nauðsynlega innviði verður litið til stefnumörkunar sem liggur fyrir um Keflavíkurflugvöll og þá framtíðarsýn og þær *sviðsmyndagreiningar* sem unnið er að í samstarfi við sveitarfélögin.
- Umsvið Keflavíkurflugvallar hafa vaxið geysilega á undanförunum árum. Jafnframt er ljóst að verulegar breytingar á umferð um flugvöllinn hafa margvísleg áhrif á efnahagslega og samfélagslega þróun svæðisins.

2.3 Auðlindir

2.3.1 Vatnsverndarsvæði

Undirbúningur er hafinn að framtíðarafmörkun vatnsverndarsvæða á Suðurnesjum. Mikilvægur þáttur í endurskoðun svæðisskipulagsins er að leggja fram endurskoðaða vatnsvernd á svæðinu, staðsetningar á vatnsbólum, mögulegum varavatnsbólum, grann- og fjarsvæðum, ásamt þeim takmörkunum sem hún mun leiða til.

- Hluti af því að endurskoða vatnsvernd á Suðurnesjum er að fara yfir stjórnýslu vatnsverndarmála og tryggja skilvirkni hennar.
- Farið verður yfir stefnu sveitarfélaga og aðila um vatnsvernd í aðalskipulagsáætlunum, til að tryggja samræmi á milli skipulagsstiga.




Mynd 2.2 Vatnsvernd á Suðurnesjum

2.3.2 Náttúruvernd

Í samræmi við stefnu Jarðvangsins, stefnu um ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi er mikilvægt að fara yfir nýjustu upplýsingar sem liggja fyrir um náttúruvar á Suðurnesjum. Þar er um að ræða gögn Náttúrufræðistofnunar um vistgerðir og verndargildi þeirra, mikilvæg fuglasvæði, strandlengjuna, svæði sem njóta sérstakrar verndar o.fl. Þessi viðfangsefni verða sett fram á heildarkorti til að tryggja hagsmuni náttúruverndar við ákvörðun um landnotkun og mögulega stakar framkvæmdir.

- Í skipulagsvinnu verður m.a. farið yfir B-tillögur Náttúrufræðistofnunar um friðlýst svæði á Suðurnesjum og tekin afstaða til þeirra, nýjustu gögn um náttúruvar og vistgerðir.



Mynd 2.3 Verndarsvæði skv. Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024

2.3.3 Orkuauðlindir

Endurskoðun á stefnu um orkumál á Suðurnesjum mun byggja á nýrri rammaáætlun sem er í mótun, auk þess að fjalla um möguleika á öðrum orkugjöfum en jarðhita. Samkvæmt Sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024 er lagt til að skoða nýtingu vindorku og virkjun sjávarfalla.

- Áhersla skipulagsvinnu verður á að kanna viðhorf til annarra orkugjafa á Suðurnesjum. Ef vilji er til að skoða frekar aðra orkugjafa, þá verður litið til þess að afmarka svæði sem henta, ásamt því að tilgreina þau viðfangsefni sem þarf að ráðast í til að framfylgja stefnu svæðisskipulagsins.

2.4 Veitur og samgöngur

Almennt er gert ráð fyrir sambærilegri stefnu um samgöngur og er í svæðisskipulagi 2008-2024. Þó er ætlunin að skoða hvort skerpa skuli á stefnu um vistvænar samgöngur, sem leiðarljós fyrir uppbyggingu samgangna á Suðurnesjum. Slíkt stefna myndi m.a. fjalla um orkuskiptum í samgöngum, almenningssamgöngur og ferðavenjur.

Skipulagsvinnan mun einnig leggja til tillögu um legu helstu innviða á Suðurnesjum s.s. stofnlagna og raflína. Tilgangur með slíkri stefnu er að draga fram mikilvægi þeirra fyrir hagsmuni Suðurnesja og móta þá umgjörð sem innviðaframkvæmdir þurfa að fylgja til að tryggja fjölbreytta hagsmuni samfélags, umhverfis og efnahags.

- Hluti af mikilvægum innviðum eru hjóla- og stígakerfi á Suðurnesjum, sem tengir öll sveitarfélögin. Í svæðisskipulagsvinnu verður lögð fram stefna um stígakerfið, tillaga um legu þess og helstu áfanga.

2.5 Samfélag

2.5.1 Náttúruvá og veðurvá

Viðfangsefni svæðisskipulagsins er að nýta fyrirbyggjandi gögn, þ.m.t. greiningar og vinnu Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands og Veðurstofu

Íslands, til að móta stefnu um viðbrögð og aðgerðir í tengslum við náttúruvá og veðurvá á Suðurnesjum, sem tengist skipulagsmálum.

- Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands hefur lagt mat á gosnæmni svæða fyrir stóran hluta Suðurnesja og Veðurstofan vinnur að því að meta berskjöldun svæða á vestanverðum Reykjanesskaga fyrir hraunflæði, gjóskufalli og gasmengun af völdum eldsumbrota á eldstöðvakerfum Reykjaness/Svartsengis og Krýsuvíkur m.t.t. innviða og íbúa.
- Í skipulagsvinnu verða nýtt fyrirbyggjandi gögn um náttúruvá m.a. frá Veðurstofunni um aftakaveður á Reykjanesi og gagna um möguleg áhrif af hækkandi sjávarstöðu og sjávarflóða á Suðurnesjum.

2.6 Stefna í loftslagsmálum

Svæðisskipulagsnefnd hefur ákveðið að tengja loftslagsmál betur við stefnu svæðisskipulagsins. Í endurskoðuðu svæðisskipulagi verður því mótuð stefna í loftslagsmálum fyrir Suðurnesin. Viðfangsefni svæðisskipulagsins verður m.a. að:

- Afmarka þá þætti loftslagsmála sem svæðisskipulagið hefur áhrif á og móta stefnu um þá til lengri framtíðar.
- Skilgreina aðgerðir sem sveitarfélögin geta unnið að í sameiningu s.s. hvað varðar samgöngur og framkvæmdir, orkuskipti og bindingu kolefnis.
- Innleiða eftir þörfum [aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum](#) frá júní 2020 og fylgja eftir áherslum sem koma fram í tillögu að [5. kafla um loftslagsmiðað skipulag](#) í viðauka við landsskipulagsstefnu 2015-2026.
- Skilgreina leiðbeiningar/nálgun fyrir mati á kolefnisspori á Suðurnesjum og greina möguleg áhrif á það vegna framkvæmda á vegum sveitarfélaganna, innviðaframkvæmda og annarra umfangsmeiri framkvæmda.



3 Nýjar forsendur

Ný gögn og nýjar forsendur liggja fyrir sem munu nýtast við endurskoðun svæðisskipulagsins, sem eru m.a.:

- Sameining Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðisbæjar.
- Áherslur í endurskoðun á aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga.
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
 - Gerð verður grein fyrir því hvernig endurskoðuð stefna svæðisskipulagsins falli að heimsmarkmiðum, sjá kafla 4.
- Landsskipulagsstefna 2015-2026 og tillaga að viðauka, sem mikilvægt er að líta til við endurskoðun á framtíðarstefnu Suðurnesja.
- Aðgerðaráætlun ríkisstjórnar um [uppbyggingu innviða](#):
 - Farið verður yfir þær 39 framkvæmdir og aðgerðir sem snúa að Suðurnesjum og tryggja að sameiginlegur skilningur sé á ávinningi þeirra og að skipulagsmál séu í farvegi til að stuðla að framgangi viðkomandi framkvæmda.
 - Sveitarfélögin vinna að nánari forgangsröðun og eftirfylgni með aðgerðum.

4 Matslýsing og heimsmarkmið

Við mat á umfangi áhrifa svæðisskipulagsbreytinga á umhverfið er litið til opinberra viðmiða sem koma fram í stefnum og áætlunum og tekið er mið af þróun umhverfisþátta án framkvæmda áætlunarinnar, þ.e. þróun umhverfisins miðað við óbreytta stefnu svæðisskipulags. Gerð verður grein fyrir samlegðaráhrifum svæðisskipulagsbreytingar við aðrar áætlanir, ef slíkt á við. Vægi umhverfisáhrifa mun byggja á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Áhrifin verða flokkuð í jákvæð og neikvæð áhrif eftir því hvernig þau falla að og styðja við heimsmarkmiðin. Auk þess verður gerð grein fyrir óvissu og tilefni hennar.

Ef talið er betur eiga við að fjalla um tiltekin umhverfisáhrif á síðari stigum áætlanagerðar, þ.e. á aðal- og deiliskipulagsstigi verður gerð grein fyrir því í umhverfisskýrslu. Auk þess mun umhverfisskýrsla fjalla um mótvægis- og vöktunaráætlun, eigi slík áætlun við.

4.1 Valkostir

Almennt er ekki gert ráð fyrir sérstakri valkostagreiningu umfram það að bera endurskoðaða stefnu saman við núgildandi stefnu. Þó verður við mótun nýrrar stefnu í málaflokkum litið til valkostagreiningar til að draga fram helstu og mikilvægustu viðfangsefnin. Sem dæmi verður valkostagreining í loftslagsstefnu, legu innviða og atvinnusvæða.



Tafla 4.1 Yfirlit um umhverfisþætti, áhrifaþætti, gögn og viðmið í gerð umhverfisskýrslu

Umhverfis- þáttur	Helstu áhrifaþættir	Gögn / viðmið
Landslag og ásynd	Uppbygging atvinnustarfsemi, byggðar, innviða og orkumannvirkja þar sem áður var tiltölulega óbyggt land hefur áhrif á landslag og ásynd.	Umhverfisskýrslur í aðalskipulagsáætlunum. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Heimsmarkmið nr. 8, 9 og 15.
Grunnvatn	Breyting á afmörkun vatnsverndarsvæðis stuðlar að öruggu aðgengi að neysluvatni og leggur fram takmarkanir á landnotkun.	ÍSÖR (2016). Skýrsla um framtíðarvatnsból á Suðurnesjum (í vinnslu). Reglugerð um varnir gegn mengun vatns. nr. 796/1999. Heimsmarkmið nr. 6.
Menningar- minjar	Uppbygging atvinnustarfsemi, byggðar, innviða og orkumannvirkja þar sem áður var tiltölulega óbyggt land kann að hafa áhrif á menningarminjar.	Fornleifaskráningar í aðalskipulagsáætlunum á Suðurnesjum. Heimsmarkmið nr. 11.
Náttúru- minjar	Uppbygging atvinnustarfsemi, byggðar, innviða og orkumannvirkja þar sem áður var tiltölulega óbyggt land kann að hafa áhrif á náttúruminjar. Litið verður til mögulegra áhrifa á A, B og C hluta náttúruminjasrár.	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Áhersla á 61. gr. laganna. Vistgerðir og verndargildi Mikilvæg fuglasvæði Náttúruminjasrá Hverfisvernd í aðalskipulagsáætlunum á Suðurnesjum Heimsmarkmið nr. 15.
Loftslag	Landnotkun og samgöngur hafa áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda.	Aðgerðaráætlun stjórnvalda Heimsmarkmið nr. 7 og 13.

	Gerð verður grein fyrir líklegri þróun í losun vegna endurskoðaðrar stefnu svæðisskipulagsins.	
Heilsa og öryggi	Afmörkun íbúðarbyggðar þarf að taka mið af gæðum í umhverfinu s.s. hljóðvist og loftgæða, aðgengi að grænum svæðum o.fl. Til að tryggja öryggi þarf afmörkun og staðsetning íbúðarbyggðar, atvinnusvæða, innviða og orkumannvirkja þarf að taka tillit til þeirrar náttúruvár sem er á Suðurnesjum.	Aðalskipulagsáætlanir á Suðurnesjum. Skýrsla Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands. Skýrsla Veðurstofunnar (í vinnslu) Hávaðamælingar á Keflavíkurflugvelli 2017-2018 Útreikningar á loftgæðum á Keflavíkurflugvelli (2017) Reglugerð um hávaða nr. 724/2008 Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999 Heimsmarkmið nr. 11 og 13.
Samfélag	Stefna um atvinnusvæði, íbúðarbyggð og orkumál hefur áhrif á atvinnuþróun Suðurnesja. Umfjöllun um náttúruvá og mótun aðgerða til að bregðast við henni hefur áhrif á öryggi íbúa og atvinnulífs.	Heimsmarkmið nr. 8 og 13.



4.2 Heimsmarkmið og svæðisskipulag

	Hreint vatn og hreinlætisaðstaða	6.3 Vatnsgæði verði aukin með því að draga úr mengun.	6.1 Öllum standi til boða heilnæmt drykkjarvatn á viðráðanlegu verði
	Sjálfbær orka	7.2 Hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.	
	Góð atvinna og hagvöxtur	8.2 Aukinni framleiðni í atvinnulífinu. Fjölbreytni, tækninýjungar, nýsköpun.	8.6 Hlutfall ungmenna lækki, sem eru atvinnulaus og stunda ekki nám.
		8.9 Mótud verði og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðabjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.	
	Nýsköpun og uppbygging	9.1 Traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir. Áhersla á jafnt aðgengi fyrir alla.	
	Sjálfbærar borgir og samfélög	11.1 Fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði. Grunnþjónusta	11.2 Örugg sjálfbær samgöngutæki á viðráðanlegu verði. Bætt vegakerfi. Betri

		standi öllum til boða.	almenningsmengingur fyrir alla.
		11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.	
	Aðgerðir í loftslagsmálum	13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.	13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara.
	Líf á landi	15.9 Tillit tekið til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætlana.	



5 Samræmi við aðrar áætlanir

Stefnur og áætlanir stjórnvalda eru hluti af forsendum við endurskoðun svæðisskipulagsins, en jafnframt gegna þau hlutverki sem viðmið. Mikilvægt er að líta til þess hvort og hvernig endurskoðuð stefna falli að eftirfarandi áætlunum:

- Landsskipulagsstefna 2015-2026 og tillaga að viðauka.
- Samgönguáætlun 2020-2034.
- Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar – Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- Sóknaráætlun Suðurnesja.
- Kerfisáætlun Landsnets.
- Byggðaáætlun.
- Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði fyrir Ísland 2018-2029.
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030.
- Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040.

6 Kynningar, samráð og helstu tímasetningar

Skipulagslýsingin ásamt tillögu að endurskoðun á svæðisskipulagi og umhverfisskýrslu verða aðgengileg á skrifstofu og á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum (www.sss.is), sveitarfélaganna og Keflavíkurflugvallar.

Hægt verður að senda skriflegar athugasemdir til SSS varðandi skipulagslýsinguna (sss@sss.is).

Gert er ráð fyrir að hluti skipulagsgagna verði birtur í vefsíðu á meðan skipulagsvinnu stendur þannig að auðvelt verði að fylgjast með framvindu og koma á framfæri ábendingum í skipulagsferlinu.

6.1 Umsagnar- og samráðsaðilar

Leitað verður umsagna um viðfangsefni verk- og matslýsingar hjá aðilum sem taldir eru upp í töflu 6.1. Jafnframt verður leitað eftir umsögnum þessara aðila um önnur skipulagsgögn sem verða kynnt í ferlinu.

Tafla 6.1 Helstu umsagnar- og samráðsaðilar

• Skipulagsstofnun	• Umhverfisstofnun
• Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	• Minjastofnun Íslands
• Samgöngustofa	• Reykjanesbær
• Suðurnesjabær	• Hafnarfjörður
• Grindavíkurbær	• Garðabær
• Sveitarfélagið Ölfus	• Samgöngustofa
• Vegagerðin	• Landsnet
• Ferðamálastofa	• Náttúrufræðistofnun Íslands
• Sveitarfélagið Vogar	• Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
• Jarðvangurinn á Reykjanesi	• SAR
• Kadeco	• Hraunavinir
• Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands	• HS Orka og HS Veitur
• Landvernd	

Auk ofangreindra aðila, verður leitað til hagaðila um stök eða fleiri viðfangsefni.

6.2 Tímalína skipulagsvinnu

Eftirfarandi er yfirlit um helstu tímasetningar:

September 2021	Kynning á verk- matslýsingu svæðisskipulags
Febrúar/mars 2022	Kynning á drögum að svæðisskipulagi
Eftir kosningar 2022	Auglýsing á tillögu að svæðisskipulagi Samþykkt svæðisskipulag